

Ed.

144. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Flm.: Pétur Magnússon.

62. gr. laganna orðist þannig:

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem komið hafa á hjá sér fódurbirgðafélags-
skap samkvæmt lögum þessum eða lögum nr. 42 28. nóv. 1919, skulu undan-
þegin ákvæðum laga um forðagæzlu frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn
starfar og er viðurkenndur af atvinnumálaráðherra. Þeim sveitar- eða bæjarfé-
lögum, sem stofnað hafa eftirlits- og fódurbirgðafélög samkv. ákvæðum laga nr.
42 28. nóv. 1919 og fengið hafa staðfestar samþykktir fyrir þau, er heimilt að búa
áfram við hið sama skipulag, enda njóti þau þá eigi styrks úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Landmannahrepps, en þar í
hreppi hefir starfað fódurbirgðafélag í meira en 11 ár og gefizt ágætlega. Er ein-
róma ósk hreppsþúa að fá leyfi til að búa áfram við sömu tilhögun.